

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA *Alþingi*

Erindi nr. P 140/634
komudagur 5.12.2011

Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2011

1112001HA MKH/-
Málalykill: 613

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um innsiglinguna í
Grindavíkurhöfn – 122. mál.**

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur borist erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. nóvember 2011, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning og kostnaðaráætlun að dýpkun og breikkun innsiglingarinnar í Grindavíkurhöfn og aðstöðu fyrir stórskipabryggju við Stórubót eða innan hafnar, þingskj. 122 – 122. mál.

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur ekki tekið afstöðu til einstakra verkefna hafna og gefur því ekki umsögn um framangreinda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Magnús Karel Hannesson
starfsmaður HÍ



Alþingi
Erindi nr. P 140/739
komudagur 9.12.2011

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 08.12.2011

Tilv. 023

HJ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar vegna Grindavíkurhafnar, 122. mál.

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs umhverfis- og samgöngunefndar dags. 24. nóvember 2011, þar sem send er til umsagnar stofnunarinnar tillaga til þingsályktunar um undirbúning og kostnaðaráætlun að dýpkun og breikkun innsiglingarinnar í Grindavíkurhöfn og aðstöðu fyrir stórskipabryggju við Stórubót eða innan hafnar.

Að undangengnum umfangsmiklum rannsóknum og líkantilraunum á árunum 1995-1997 var innsiglingunni til Grindavíkurhafnar breytt. Gerð var bein innsiglingarrenna í stað hinnar krókóttu og hættulegu náttúrlegu innsiglingar. Framkvæmdir hófust árið 1997 með dýpkun innri hluta innsiglingarrennunnar og lauk árið 2002 með byggingu tveggja brimvarnargarða sem skýla höfninni og innri hluta rennunnar. Ytri hluti rennunnar er um 70 m breiður og með um 10 m dýpi á fjöru en innri hlutinn er um 35 m breiður og með 7 m dýpi og miðast hönnun hans við flutningaskip allt að 90 m löng og 12 m breið.


Vegna umsvifa við loðnubræðslu voru upp áform fyrir um 7 árum um að breikka innri hluta rennunnar um 10 m sem miðaðist við um 100 m langt og 16 m breitt hönnunarskip. Framkvæmdin var sett á samgönguáætlun en var frestað eftir að loðnubræðslan brann.

Í drögum að samgönguáætlun 2011-2014 er á árinu 2012 ætlun um að fara í að breikka innri hluta rennu úr 35 m í 45 m.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er miðað við að innsiglingin verði breikkuð og dýpkuð fyrir flutningaskip allt að 130 m löng og 20 m breið. Slíkt krefst, að mati Siglingastofnunar, endurskoðunar á allri innsiglingarrennunni ásamt því að auka þarf stöðvunarvegalengd og snúningsrými innan hafnar. Þá þarf að skoða hvort breikkun rennunnar leiði til aukinnar ókyrrðar innan hafnar. Siglingastofnun hefur nýlega tekið í notkun reiknilíkan sem reiknar öldur og sog inn í hafnir. Þetta reiknilíkan má nota til að gera úttekt á aðstæðum í Grindavík.

Úttektin þarf að leiða í ljós fyrir hvaða stærð af skipum er mögulegt að gera endurbætur á höfninni innan núverandi ytri ramma hennar án þess að ókyrrð innan hafnar fari upp fyrir viðmiðunarmörk. Með ytri ramma hafnarinnar er átt við ytri hluta innsiglingar og brimvarnargarða.

Virðingarfyllt,
F.h. Siglingastofnunar Íslands,


Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri